

# Reglugjörð

79  
14. júní

fyrir Eyjafjarðarsýslu um fjallgöngur, fjárskil og melrakkaveiðar.

## I. kafli.

### *Um stjórn fjárskilamála.*

#### 1. gr.

Eyjafjarðarsýsla er eitt fjárskilafélag, sem sýslunefndin skiftir í deildir, eftir því sem landi hagar og fjöll eða vatnsföll deila.

Yfirstjórn allra félagsdeildanna hefir sýslunefndin á hendi samkvæmt sveitarstjórnarlögunum 10. nóv. 1905, en hreppsnefndir hafa á hendi alla stjórn og framkvæmd í fjárskilamálum innbyrðis í deildunum.

#### 2. gr.

Nú eru tveir eða fleiri hreppar sameinaðir í eina deild, og hefir þá hver hreppsnefnd téð störf á hendi fyrir sinn hrepp, en stendur í sambandi við hinar aðrar hreppsnefndir í þeirri deild, eftir því sem reglugjörð þessi mælir fyrir.

Deildarskipun þessari má sýslunefndin breyta, ef hlutaðeigandi hreppsnefndir koma sér saman um það.

#### 3. gr.

Hver hreppsnefnd velur einn mann úr sínum flokki, til að hafa yfirstjórn og umsjón allra fjárskilamála í hreppnum og nefnist hann fjárskilastjóri. Hann skal vera sjálfur við aðalrétt í hvert sinn, sem þar er réttað, nema gild forföll banni. Setur hann þá hæfan mann í sinn stað, með fullu umboði.

#### 4. gr.

Hver hreppsnefnd skal árlega útnefna einn gangnaforingja fyrir hvern afrétt, sem hún á yfir að segja, eður fleiri eftir því sem afréttir eru viðlendir. Enginn getur skorast undan að vera gangnaforingi 3 ár í senn, nema hann sanni, að hann sé ófær til þess sökum heilsuleysis. Gangnaforingjum skal falin umsjón aukaréttta, nema ef hentugra þykir að útnefna til þess ábúanda þeirrar jarðar, er réttin tilheyrr.

#### 5. gr.

Hver hreppsnefnd haldi sérstaka fjárskilabók, staðfesta af oddvita sýslunefndarinnar.

Í hana skal rita allt sem gjörist um fjárskilamál í hreppnum. Sýslunefndin getur heimtað eftirrit af fjárskilabókinni hvenær sem með þarf.

## II. kafli.

*Um afrétti.*

## 6. gr.

Alt land skiftist í afrétti og heimalönd. Það skulu vera afréttir, sem áður hafa verið og lögum er samkvæmt. Hreppsnefnd getur og tekið upp nýja afrétti með samþykki landráðenda og sýslunefndar.

Hver hreppsnefnd skal semja skrá yfir þá afrétti með tölu og ummerkjum, er hún hefir umsjón með, og skal rita hana í fjárskilabók hreppsins. Þessar skrár skulu sendar sýslunefnd, er sér um að þær séu allar innfærðar í eina bók.

## 7. gr.

Hreppsnefndirnar gangast fyrir því, hver í sínum hreppi, að gjörð sé sveitarsamþykkt um það, hvort nota skuli heimalönd til upprekstrar fyrir sauðfé; skal í samþyktunum skýrt tekið fram, hver þau lönd séu og tala þess fjár, er í þau má reka. Má enginn nota eða leyfa öðrum að nota heimaland sitt til upprekstrar nema það sé þannig heimilað með gildandi sveitarsamþykkt, samþyktri af landráðendum og sýslunefnd, ella tvegjaldi hann fjártolla grönnum þeim, er lönd eiga að landi hans, og verður sekur að auki sem um gangnarof. Nú liggja saman heimalönd hreppa, er menn vilja nota til upprekstrar, og geta þá hlutaðeigandi hreppsnefndir gjört sameiginlega samþykkt um notkun þeirra. Heimalönd þau, sem heimild er fyrir að nota til upprekstrar, skal skoða sem afrétti, að því er göngur snertir, enda séu þau notuð á þann hátt af fleirum en landeiganda sjálfum.

Allar samþyktir, sem nefndar eru í grein þessari, hvort sem þær eru eldri eða yngri en þessi reglugjörð, skulu sendar sýslunefnd til samþyktar áður en ár er liðið frá því reglugjörðin öðlast gildi.

## 8. gr.

Heimilt er hreppsnefnd að gjöra ákvörðun um, hve margt sauðfé, stóðhross og nautkindur má reka á hvern afrétt, sem heyrir undir stjórn hennar. Sé eigandi eða umráðamaður afréttar óánægður með ákvörðunina er honum heimilt að skjóta máli sínu til sýslunefndar, er leggur fullnaðarúrskurð á það. Nú telur hreppsnefnd of margt fé rekið í aðliggjandi utansveitarafrétt, getur hún þá skotið því atriði til fullnaðarúrskurðar sýslunefndar, náist eigi samkomulag við umráðanda afréttarins.

## III. kafli.

*Um smölun geldfjár á vorin.*

## 9. gr.

Hreppsnefndir skipa fyrir um smölun geldfjár á vorin bæði í heimalöndum og afréttum hreppsins. Hver, sem jörð hefir til ábúðar, er skyldur að taka

þátt í smöluninni, eftir því sem hreppsnefndin ákveður, og hvílir sú sama skylda á fjáreigendum með öll fjárskil að vorinu sem að hausti.

79  
14. júní

#### IV. kafli.

##### *Um rekstur geldfjár til afréttar.*

##### 10. gr.

Hreppsnefnd skal sjá um að alt geldfé sé komið á afrétt 8 vikur af sumri, nema ótíð eða gróðurleysi banni, og dilkar eigi síðar en 10 vikur af sumri. Þó er bændum heimilt að hafa sauðfé sitt í heimahögum yfir sumarið í fjárheldum girðingum. Áður en lömbum er slept í afrétt skal sitja þau, ekki skemur en 3 daga eftir fráfarur, annaðhvort í heimalandi eða afrétt. Reka skal í miðjan afrétt nema hlutaðeigandi hreppsnefnd hafi öðruvísi ákveðið.

##### 11. gr.

Eigandi eða umráðamaður afréttar er skyldur að sjá um fyrirstöðu afréttararfjár að viðlögðum sektum. Allir þeir, sem eiga frjálstan upprekstur á almenningu, skulu kjósa einn mann úr sínum flokki, sem hafi umsjón með afréttinum, og komi fram gagnvart hreppsnefnd og öðrum, að öllu leyti sem aðrir afréttareigendur. Það er skylda þeirra, er næstir búa afrétti að varna því eftir föngum að afréttarfé renni að sumri til fram í búfjárhaga. Vanræki einhver að sjá um fyrirstöðu afréttararfjár, skal hreppsnefnd sjá um hana gegn endurgjaldi frá afréttareiganda eða umráðanda.

##### 12. gr.

Ef hreppsnefnd berst klögun um það, að afréttarfé gangi í heimalöndum manna, skal hún tafarlaust, ef henni lízt þess þörf, gefa út skipun um, að því sé smalað, og það rekið til afréttar. Skal svo haga smölun og rekstri að eigi verði mein að. Reka skal á þann afrétt eða afrétti, er hreppsnefnd ákveður.

##### 13. gr.

Hver eigandi eða umráðamaður upprekstrarlands, er skyldur til að gefa hlutaðeigandi hreppsnefnd í síðasta lagi fyrir miðsumar ár hvert, skýrslu um það, hverjir noti afrétt eða upprekstrarland hans það sumar, og fyrir hve margt fé.

#### V. kafli.

##### *Um fjárskil.*

##### 14. gr.

Enginn fjáreigandi, sem löglega er sjálfs sin eða býr á jarðarhundruðum

**79** getur skorast undan að gjöra gangnaskil eftir niðurjöfnun hreppsnefndar. Nú 24. júní á einhver afrétt, sem hann ekki notar fyrir fénað, skal hann þá skyldur að gjöra þar gangnaskil eftir ráðstöfun hreppsnefndar.

Bágstöddum einyrkjum og heilsulitlum má hreppsnefnd veita undanþágu frá einni eða tveim göngum.

Húsbændur annast fjárskil vegna hjúa sinna.

#### 15. gr.

Hreppsnefnd kveður menn til gangna nægum tíma áður en göngur byrja, skal hún taka fram, hvað hverjum ber að leggja til fjárskila það haust og hverjir eru gangnaforingjar á hverju svæði.

#### 16. gr.

Sá er gildur gangnamaður, sem gangnaforingi og helmingur gangnamanna með honum tekur gildan. Nú verður einhver gangnamanna sannur að óhlýðni eða hirduleysi, skal það álitid sem gangnarof og varðar sektum.

#### 17. gr.

Nú vanrækir einhver að gjöra þau fjárskil, sem á hann hafa skifst, eða leggur ógildan mann til fjárskila og er honum það sjálfrátt, þá varðar það sektum, og margfaldast ef brotið er ítrekað.

#### 18. gr.

Prennar skulu löggöngur á hausti hverju. Löggöngur skulu byrja í hverju afréttarfélagi fyrir sig þá daga er venja er til. Þó getur hreppsnefnd ákveðið aðra gangnadaga með samþykki hreppsþúa og sýslunefndar.

#### 19. gr.

Gangnaforingi skal jafnan vera í göngum nema lögmæt forföll banni og setur hann þá fullkominn mann í sinn stað.

Skipar hann fyrir um það, hvernig göngum skal haga. Óhlýðnist gangnamenn skipun gangnaforingja varðar það sektum.

#### 20. gr.

Gangnaforingjar skulu sjá um að söfnin séu rekin tafarlaust og með reglu til réttar. Þegar á rétt er komið, skulu þeir kveðja til svo marga menn sem með þarf til þess að gæta safnsins þar til réttarstjóri hefir tekið við því.

#### 21. gr.

Ef fé festist í ógöngum, skal sá, er finnur það, tafarlaust skýra hlutaðeigandi gangnaforingja frá því, ef það er um fjárskilatíma, en afréttarbónda að öðrum kosti. Er þeim skylt, svo fljótt sem unt er, að gjöra tilraun að bjarga því. Kostnað þann, er slík björgun hefir í för með sér, borgar eigandi, ef hann finst, en annars hlutaðeigandi sveitarsjóður.

## VI. kafli.

79  
14. júní*Um hreinsun heimalanda.*

## 22. gr.

Hver búandi er skyldur að hreinsa heimalönd sín eftir skipun hreppsnefndar.

## 23. gr.

Skyldir eru allir búendur að hirða fé það, sem finst í heimalöndum eftir að fjárskilum er lokið og reka það tafarlaust til næsta bæjar, þá leið, sem það á að ganga.

Nú kemur fjárrekstur til manns bæ frá bæ og er hann skyldur að reka hann tafarlaust þá leið, sem hann á að ganga, nema kvöld sé komið eða óveður, svo eigi þyki fært að reka féð bæja á milli. Skal þá beita fénu eða gefa hey ella, unz fært er að reka það. Sleppi nokkur fjárrekstri, sem á að ganga bæ frá bæ, varðar það sektum.

## VII. kafli.

*Um réttir og réttahöld.*

## 24. gr.

Aðalréttir og aukaréttir skulu vera þær sömu og nú eru. Vilji hreppsnefnd gjöra breytingu á réttum þessum, er henni það heimilt, ef meiri hluti búenda í fjárskiladeildinni er því samþykkur, og sýslunefnd veitir leyfi til þess.

Hinar sömu reglur gilda og um það, hverja afrétti og heimaland skuli smala til hverrar réttar.

## 25. gr.

Það er skylda allra fjáreigenda, að byggja fjárréttir og nægilega marga dilka í sameiningu og viðhalda þeim svo sem þörf er á.

Skulu þeir leggja þar til skylduvinnu, eftir því, sem hlutaðeigandi hreppsnefnd ákveður. Ef einhver vinnur eigi þá skylduvinnu að fjárréttum og dilkrúm, er á hann skiftist, getur hreppsnefnd látið gera það á kostnað hans. Dilkrúm skal vanalega fylgja jörð þeirri, er það hefir fylgt, eins þótt ábúandaskifti verði. Að öðru leyti ráði réttarstjóri dilkrúmi hvers eins.

## 26. gr.

Nú þykir þörf á að fjölga fjárréttum eða færa þær af þeirra fyrri stöðvum og á annan hentugri stað, skal þá hreppsnefnd sú, er hlut á að máli, bera málefnið undir atkvæði hreppsbúa á næsta vorþingi.

Sé um það að gjöra að byggja aukarétt, eða færa hana úr stað, ræður atkvæði hreppsbúa málinu til lykta.

**79** En skuli ákvörðun gera um aðalrétt, skal leita samþykkis sýslunefndar-  
14. júní innar fyrir henni. Skyldur er hver að leggja land til undir fjárrétt og hleðslu-  
efni í hana endurgjaldslaust, valdi það eigi skemdum á yrktu landi.

27. gr.

Réttarstjóri skal vera kominn til réttar svo snemma sem þörf gjörist  
hvern réttardag. Skipar hann fyrir um, hvornig fjárrætti skal haga í rétt-  
inni, og heldur mönnum til starfa. Hann bannar stranglega alt slark og óreglu,  
sem miðar til að hindra starfa manna í réttinni.

28. gr.

Hver aukarétt heyrir undir einhverja aðalrétt, og skal þar jafnan réttað  
næsta dag á undan aðalrétt þeirri, sem hún heyrir undir. Skal úrtíningsfé úr  
aukaréttum rekið til aðalréttar af mönnum, sem hreppsnefndin hefir útnefnt til  
þess. Fjárskilastjóri kveður hæfilega marga menn til að koma til aðalréttar,  
árdegis þann dag, sem úrtíningsfé er greitt snndur, þar skulu þeir í öllu vera  
háðir stjórn fjárskilastjóra.

Enginn má reka burtu úr rétt fyr en úrtíningur er uppdreginn, nema  
fjárskilastjóri leyfi. Fjárskilastjóri hefir einn öll umráð á réttar- og dilkrúmi  
aðalréttardaga. Öll óhlýðni og þrjóska við fjárskilastjóra varðar sektum.

29. gr.

Jafnan skal draga sundur fé í aðalréttum eftir markaskrá, og í aukarétt-  
um þar sem þörf er á.

Í eða við almennar fjárréttir að hausti til má enginn blóðmarka kind án  
samþykkis réttarstjóra.

## VIII. kafli.

### *Um hirðing fjárr í utanhreppsréttum.*

30. gr.

Nokkru á undan fyrstu löggöngum á hausti hverju skal hreppsnefnd kveðja  
svo marga menn, sem þarf, til þess að sækja fé hreppsúa í utanhreppsréttir.  
Skulu sendimenn þessir taka féð, reka það tafarlaust heim í hreppinn og ganga  
þar frá því samkvæmt ráðstöfun hreppsnefndar.

## IX. kafli.

### *Um óskilafé.*

31. gr.

Fé það, sem kemur fyrir á haustum og ekki finst eigandi að, skal ganga

til fjárskilastjóra og hirðir hann það sem sitt eigið fé til hausthreppaskila, þar skal það selt við uppboð þó með því skilyrði, ef eigandi gefur sig fram innan 14. júní hálf mánaðar frá söludegi, sé honum heimilt að fá eign sína, ef hann borgar allan áfallinn kostnað.

Fé því, sem þannig er selt, skal hreppstjóri lýsa með mörkum, lit, aldri og einkennum þegar eftir uppboðið og senda sýslumanni lýsinguna til birtingar í »Lögbirtingablaðinu«. Hafi enginn lýst sig eiganda að fénu áður sex mánuðir eru liðnir frá prentun auglýsingarinnar fellur verð þess í sveitarsjóð að frádregnum kostnaði.

Með afeyrðar kindur eða með skemdum mörkum skal farið sem eigendalaust fé.

Um ómerkinga fer eins og í lögum er fyrir mælt.

### 32. gr.

Í hreppi hverjum skulu 3 menn útnefndir af sýslumanni að dæma um mörk á óskilafé, sem selt er á hausthreppaskilum.

Nú ætlar einhver að hann eigi kind, sem þannig er seld ómörkuð, með óglöggu marki eða með skemdum eyrum, skal þá dómnefndin úrskurða um eignarrétt hans á kindinni. Vilji hann ekki hlíta þeim úrskurði, getur hann skotið honum til dómstólanna.

### 33. gr.

Gæzlukaup fyrir kindur þær, sem ekki spyrjast upp í 3ju göngum, má eigi hærra vera en 3 aurar um sólarhring hvern, og borgist það út í hönd þegar eigandi vitjar fjárins, eða það er selt, annars er gæzlumaður eigi skyldur að sleppa fénu, þó má fjárskilastjóri hækka gjald þetta fyrir fé úr öðrum sýslum til jafnaðar móts við samskonar gjöld í þeim.

## X. kafli.

### *Um eftirleitir.*

### 34. gr.

Eigi síðar en viku eftir að löggöngum er lokið skal hreppsnefndin láta gjöra eftirleit á afrétti hreppsins.

Þegar eftirleit þessari er lokið skal hverjum heimilt að gjöra enn eftirleit. Nú finnur hann fé í eftirleit, og sé það eigi áður heimt, skal hann þá fá tvo óvilhalla menn til að vigta það. Hafa þá eigendur fjárins rétt til að innleysa það, móti því að þeir greiði finnanda í fundarlaun 2 auru fyrir hvert pund í lifandi þunga kindanna. Fyrir óheimt fé, sem finst í heimalöndum, skal engin fundarlaun greiða.

## XI. kafli.

*Um fjármörk og sölu fjárrekstra.*

## 35. gr.

Hver maður skal auðkenna fé sitt með glöggu marki á eyrum, en ef það er soramarkað, þá brennimerkja á hornum; einnig skal alment brennimerkja sauðfé með hrepps Brennimerki.

## 36. gr.

Öll fjármörk sýslunnar skal rita í eina skrá, prenta hana svo oft sem sýslunefnd álitur nauðsynlegt, þó eigi sjaldnar en 10. hvert ár, og útbýta eftir þörfum. Nú tekur einhver upp nýtt fjármark, eða flytur inn í sýsluna, skal hann þá auglýsa mark sitt hreppsnefndum sýslunnar. Þeir, sem vanrækja að láta prenta mark sitt í markaskrá sýslunnar, mega búast við að með fé þeirra verði farið sem óskilafé.

## 37. gr.

Hverjum fjárrekstri, sem rekinn er til sölustaðar, skulu fylgja nægilega margir og dugandi menn.

Ávalt þegar rekstrarmenn eru fleiri en einn, skal einn vera yfirmaður þeirra útnefndur af eignum fjárens. Ber hann ábyrgð á því, að rekstur hans gangi að öllu leyti vel og reglulega, og ábyrgð gagnvart þeim, er kynnu að kæra til skaðabóta einhver afbrot rekstrarmanna, en hann á aftur aðgang að samrekstrarmönnum sínum, ef þeim er um að kenna. Þó hvílir ábyrgðin aðeins á hverjum einstökum rekstrarmanni, er brýtur, ef brotið er svo vaxið, að það heyrir undir almenn hegningarlög.

## 38. gr.

Fé alt í sölurekstrum, skal vera merkt ákveðnum rekstrarmerkjum, er séu svo glögg, að þau sjáist tilsýndar í björtu, og svo traust, að þau máist ekki af, þó að votviðri gangi. Skulu rekstrarmenn gæta þess nákvæmlega, að engin kind, sem merkt er rekstrarmerki þeirra, glatist úr rekstrinum, og að engin kind með öðru merki eða ómerkt slædist inn í hann. Ef fé heldur sig meðfram vegi, þar sem sölurekstur fer um, mega rekstrarmenn ekki siga hundum á það, heldur aðeins beina því frá með gætni þannig að það styggist sem minst.

Nú sannast það, að einhver hafi beðið tjón af sölurekstri, skal þá formaður rekstrar annast um skaðabætur til hlutaðeiganda, eftir mati tveggja dómkvaddra manna.



## XII. kafli.

79  
14. júní*Um stóðhross og nautkíndur.*

## 39. gr.

Hver, sem á stóðhross eða trippi, er skyldur að reka þau í afrétt, ekki síðar en 8 vikur af sumri, nema ótíð og gróðurleysi banni, og varðar sektum, ef út af er brugðið. Þó er búendum heimilt að hafa veturgömum trippi sín í heimahögum, sem ganga undir mæðrum sínum, enda séu þær hafðar til brúkungar og í rækilegri gæzlu. Sömuleiðis er búendum heimilt að hafa trippi sín heima á sumrum, þó eldri séu, ef þeir hafa þau í gripaheldum girðingum. — Reynist girðingin ótrygg skal tafarlaust reka trippin til afréttar.

Eigandi eða umráðandi afrétta, sem hefir trippi á þeim, er skyldur að sjá um nægilega fyrirstöðu að viðlögðum sektum. Nú vanrækir hann þá skyldu sína, skal þá hreppsnefnd skyld að útvega nægilega fyrirstöðu á hans kostnað. Eigandi eða umráðamaður afrétta skal senda hreppsnefndinni, áður en 10 vikur eru af sumri, lýsingu af öllum þeim trippum, sem hann hefir undir höndum, með mörkum, lit, aldri og einkennum.

## 40. gr.

Nú ganga trippi samt á sumrum úr afréttum og í heimalönd manna, geta þá þeir, er fyrir ágangi verða, tekið þau í gæzlu og gjört eigendum eða umráðamönnum afréttarins, eða þeim, sem fyrirstöðu hafa á hendi, aðvart áður en 2 sólarhringar eru liðnir, um að útleysa þau gegn gæzlukaupi, alt að 15 aorum um sólarhringinn fyrir hvert hross. Auk þess skal og borga ómakslaun fyrir tilkynning. Gjald þetta skal greitt um leið og hrossanna er vitjað, annars er gæzlumaður eigi skyldur að afhenda þau. Vitji eigendur eða umráðamenn eigi hrossa sinna innan þriggja sólarhringa frá tilkynning, skal farið með þau sem annað óskilafé.

## 41. gr.

Ef trippi koma fyrir í heimalöndum á vorinu eða sumrinu, sem ekki finst eigandi að, skal þá farið með þau sem annað óskilafé.

## 42. gr.

Hreppsnefndin í hverjum hreppi skal gjöra ráðstafanir fyrir því, að stóðhrossum sé smalað af afréttum og heimalöndum áður en löggöngum er lokið, og dregin sundur í réttum.

## 43. gr.

Með óskilahross og trippi, sem eftir verða við réttir og koma fyrir af fjallöndum eða í bygðum eftir réttir, skal fara með sem annað óskilafé, nema hross in skulu seljast með 3 vikna auglýsingarfresti fyrir sóludag. Nú þarf að hafa þau í vöktun, og má þá vöktunargjald hvers um sig, ekki vera hærra en 10 aurar um sólarhring hvern, nema í húsi og á heygjöf þurfi að vera.

79

14. júní

44. gr.

Hver, sem á graðneyti eldra en ársgamalt, er skyldur að hafa það í grip-heldri girðingu eða á annan hátt í öruggri gæzlu yfir allan útigöngutíma þess að sumrinu, nema hreppsnefnd og nábúar leyfi að öðruvísi sé; þessi ákvæði ná eigi til þeirra héraða, er sett hafa löggiltar samþykktir um kynbætur nautgripa.

Brot móti þessu varðar sektum og skaðabótum ef tjóni veldur.

## XIII. kafli.

*Um melrakkaveiðar.*

45. gr.

Hreppsnefndin í hverjum hreppi er skyld til að eyða melrökkum í afréttum og heimalöndum sveitarinnar á allan hátt, svo sem með því að láta vandlega leita grenja á hverju vori, að fá skotmenn til að vinna melrakka þá, er þar hafast við og hvolpa þeirra, og með því að láta bera út eitrad agn fyrir melrakka á hverju ári, svo mikið og á svo mörgum stöðum sem með þarf. Alla aðalframkvæmd og umsjón þessa starfa hefir einn maður á hendi í hverri hreppsnefnd og nefnist hann melrakkaveiðastjóri.

46. gr.

Hreppsnefndin skal skifta allri landeign hreppsins, bæði heimalöndum og afréttum, í hæfilega margar og stórar melrakkaleitir, og ritar melrakkaveiðastjóri skrá yfir þær með tölu og ummerkjum í melrakkabókina. Þar skal telja upp öll þau greni, sem menn þekkja að séu í landeign hreppsins og í hverri melrakkaleit sér í lagi með stuttri lýsing á hverju greni og afstöðu þess. Finnist síðar ný greni, skal þess nákvæmlega getið í melrakkabókinni. Áætlun skal nefndin gjöra um það, hve marga menn þarf í leit hverja og skal rita hana í melrakkabókina.

47. gr.

Hreppsnefndin útnefnir svo margar melrakkaskyttur fyrir hreppinn sem hún álitur að þurfi, og skal rita nöfn þeirra og heimili í melrakkabókina. Skyldur er hver innanhreppsmaður, sem hreppsnefndin útnefnir fyrir melrakkaskyttu, að hafa þann starfa á hendi 3 ár í senn. Skal melrakkastjóri aðvara hvern þeirra í tækan tíma, að vera viðbúinn að fara á greni í þann tíma, sem von er til, að melrakkar haldi sig þar. Líta skal og melrakkastjóri eftir því, að þessir menn hafi byssur og skotfæri í góðu lagi. Einnig skal sjá um, að ungir menn, sem kunna að fara með byssu, séu einkum til þess fengnir, að liggja við greni með melrakkaskyttum, til að læra af þeim. Nú er eigi hæfilega menn að fá innanhrepps fyrir melrakkaskyttur, og er þá hreppsnefndinni heimilt að ráða utanhreppsmenn til þeirra starfa, ef kostur er á.

## 48. gr.

79  
14. júní

A hverju vori skal hreppsnefndin nefna til einn leitarforingja fyrir hverja melrakkaleit og skipa fyrir um, hvað marga menn hver búandi í hreppnum skal leggja til að leita grenja á því vori, og í hverri leit. Þessa skipun færir melrakkastjóri þegar inn í melrakkabókina og ritar hverjum leitarforingja samstundis það, sem honum er þörf á að vita í þessu tilliti.

## 49. gr.

Þegar hreppsnefndin ákveður um grenjaleitir og hvað hver ábúandi í hreppnum á að leggja til þeirra, skal farið eftir fénaðartölu hvers búanda, eftir því sem næst verður komist, eða eftir síðasta framtali þeirra til búnaðarskýrslanna að lömbum viðbættum. Nú hafa einstakir menn eða einstakir hreppar upprekstur í öðrum hrepp en þeir eru bósettir í, og eru þeir þá skyldir til að gjöra grenjaleit á þann afrétt, sem þeir reka í, og eftir þeim reglum, sem þar er fylgt. Tillög þeirra til grenjaleitanna skulu gjörð eftir skýrslum þeim, sem nefndar eru í 13. gr.

## 50. gr.

Tvær reglulegar grenjaleitir skal gjöra á hverju vori, hina fyrri um fardagaleitið, en hina síðari um fráfarur. Ákveður melrakkastjóri leitardagana nákvæmar í hvert skifti með samkomulagi við leitarforingja. Skal jafnan leita sama dag í öllum melrakkaleitum hreppsins, þegar því verður við komið, og eins skulu melrakkastjórar þeirra hreppa, er saman liggja, reyna að koma sér saman um, að taka sömu dagana til leitanna hver í sinum hreppi. Þyki melrakkastjóra nauðsyn til bera, skal hann ákveða aukaleit á þeim tíma og á því svæði, er hann álitur þurfa.

## 51. gr.

Hver leitarforingi skal aðvara alla þá búendur í tækan tíma, sem leggja eiga til leitarföng með honum, og ákveður hann stund og stað, þar sem leitarföng skulu koma saman. Skyldir eru allir sveitarmenn að bera boð um það efni sem þingboð. Mæti einhver leitarföng ekki á ákveðnum stað og stundu, eða ef einhver sá, er mættir, er eigi hæfur til að vera í leitinni, — en hæfa leitarföng ber að árita þá, sem hæfir eru til fjallskila (sbr. 15. gr.), og svo eru búnir, sem með þarf, — eða ef hundar eru hafðir í grenjaleitum, varðar það sektum.

## 52. gr.

Hver leitarforingi skal vera sjálfur í grenjaleit með leitarföngum sínum. Skal leita vandlega á öllum fornum grenjum í hverri melrakkaleit og athuga jafnframt sem nákvæmast, hvort þar séu ekki ný greni. Leitarforingi skal skipa fyrir um það, hvar og hvernig hver leitarföng skuli ganga, og sjá um að þeir fylgi allir þeim reglum, sem hann setur. Þegar því verður við komið, skal melrakkaskytta vera í leitinni með skotfæri sín, til þess að leggjast þegar í stað við

79 14. júní greni, ef það finst með melrökkum í. Leitarforingi skipar fyrir um það, hver leitarmanna liggja skal við greni með skotmanni; en sé hann eigi í leitinni, sendir leitarforingi, ef þörf gjörist, einn af leitarmönnum tafarlaust til hans, en setur annan til að gæta grenisins á meðan. Sjá skal leitarforingi um, að þeir, sem við greni liggja, séu svo útbúnir, að þeir geti legið þar í hverju veðri, sem er, svo lengi sem með þarf.

## 53. gr.

Skotmaður og aðstoðarmaður hans skulu með allri kostgæfni leitast við að drepa melrakka þá, er halda við grenið og beita til þess öllum þeim brögðum, sem þeir eiga kost á. Eigi mega þeir yfirgefa greni, fyr en þeir annaðhvort hafa unnið það að fullu, eða að öðrum kosti legið við það 3 sólarhringa fulla, og gjört alt það, er í þeirra valdi stóð, til að vinna það. Hvolpunum skulu þeir leitast við að ná út úr greninu án þess að umróta því, en náist þeir eigi, skulu þeir þó reyna að drepa þá með eitri, eða með því að bræla þá inni í greninu, ef því verður við komið.

## 54. gr.

Jafnskjótt og skotmaður er heim kominn af greni, skal hann skýra melrakkastjóra bréflaga eða munnlega frá, hve lengi hann hefir við grenið legið, hverja aðferð hann hefir þar viðhaft og hvað honum hefir orðið ágengt. Með skýrslu sinni skal hann láta fylgja skott eða hauskúpu melrakka þeirra, er hann hefir unnið að því sinni til sannindamerkis. Vanræki skotmaður að gefa skýrslu þessa í tækan tíma, hefir hann fyrirgjört því endurgjaldi, er honum annars ber fyrir veru sína á greninu.

## 55. gr.

Skotmaður skal fá að launum fyrir hver 2 dægur, sem hann er frá heimili sínu, til að vinna greni, 5 álnir eftir meðalverði verðlagsskrár ár hvert og aðstoðarmaður hans 4 álnir, en sjálfir skulu þeir sjá sér fyrir skotfærum, fæði og hverju öðru, er þeir með þurfa, til þess að liggja forsvaranlega við greni. Ef þeir eru leitarmenn og leggjast við greni, fá þeir engin laun fyrir þann tíma, sem á leitinni stendur. Auk daglauna fær skotmaður 3 krónur fyrir hvern fullorðinn melrakka, er hann vinnur við greni, og 25 aura fyrir hvern hvolp.

## 56. gr.

Jafnskjótt og hverri grenjaleit er lokið, og búið er að gjöra tilraun til að vinna greni þau, er fundist hafa, skal leitarforingi senda melrakkastjóra skrifaða skýrslu um það, er gjörst hefir í leit hans. Skal hann þar til greina hvern dag leitað var, hverjir í leitinni voru, hvort nokkurn leitarmanna vantaði, eða hvort nokkur þeirra var álitinn óhæfur, hvernig leitinn fór fram, hvort nokkurt greni fanst með melrökkum í, hvort það vor unnið að nokkru eða öllu leyti og af hverjum og hvað lengi legið var við það. Sendir leitarforingi með skýrslu

sinni skott eða hausnúpu melrakka þeirra, er unnizt hafa í leit hans og skal 79  
safna þeim saman, telja þau og síðan eyða á haustfundi hreppsnefndarinnar. 14. júní

## 57. gr.

Finnist einhver greni með melrökkum í áður en grenjaleit er gjörð, eða milli leita, eftir að grenjaleit er lokið, skal hann tafarlaust gjöra leitarföngja eða melrakkaveiðastjóra varan við. Skal þá jafnframt fá skotmann og aðstoðarmann með honum til að vinna það greni, og fer um það eins og áður segir um greni, sem finst í leit. Þeim, er þannig finnur greni utan grenjaleitar, má veita hæfilega þóknun, þyki hreppsnefndinni ástæða til þess.

## 58. gr.

Nú finnur einhver greni á þann hátt, sem um er rætt í næstu grein á undan, og lætur ekki leitarföngja eða melrakkastjóra vita eða legst sjálfur á grenið heimildarlaust og annaðhvort vinnur ekkert eða spillir greninu á einhvern hátt þá verður hann sektaður eftir málavöxtum.

## 59. gr.

Nú legst bitvargur á fé manna, annaðhvort í afréttum eða heimalöndum, á hverjum tíma árs sem er, og skal þá melrakkaveiðastjóri fá skotmann til að eyða þeim bitvargi fyrir sanngjarnt kaup, ef þess má auðið verða. Hreppsnefndin skal á fundi ákveða, hver verðlaun skal veita þeim, er þannig eyðir bitvargi. Á sama hátt skal hún og ákveða verðlaun fyrir veiði annara melrakka, sem drepnir eru í hreppnum annarsstaðar en við greni, og á þeim tíma árs, þegar melrakkinn er einskis virði.

## 60. gr.

Auk þess skal melrakkaveiðastjóri stuðla til þess, að reyndar séu á vetrum melrakkaveiðar með dýrabogum, refagildrum eða með því að halda uppi skotkofa, hvar legið sé í til að skjóta melrakka við útburð, einnig með því að ala upp og venja hunda á að taka melrakka alt eftir því, sem hverjum tíma heyrir og bezt hagar á hverjum stað. Það, sem gjört er í hreppnum á þennan hátt, skal rita árlega í melrakkabókina og hvern árangur það hefir.

## 61. gr.

Hverjum, sem sýnir afbragðsdugnað í melrakkaveiðum, eða kennir öðrum góða aðferð við þær, má hreppsnefndin veita verðlaun, eftir atvikum, og skal hún ennfremur, ef henni þykir sem slíkur maður eigi sér fáa eða enga jafningja innansýslu við melrakkaveiðar, skýra sýslunefndinni sérstaklega frá framkvæmdum hans, svo sýslunefndin geti gjört að álitum, hvort hún vill sýna slíkum manni sérstaklega viðurkenningu sína.

79

14. júní

## 62. gr.

Melrakkaveiðastjóri hvers hrepps skal á hverju ári gangast fyrir því, að eitrad agn sé borið út fyrir melrakka, svo mikið og á svo mörgum stöðum, sem álizt að þurfa muni til að eyða melrökkum í hverju bygðarlagi. Skal fela þeim mönnum á hendur að búa agnið undir og bera það út, sem því verki eru vanastir og bezt er trúandi fyrir því. Til agns fyrir melrakka skal einkum hafa heila kindarskrokka með höfði og hári, einnig höfuð af kindum og feita hrossskrokka, og skal þá láta blóðið innan í skrokkinn með nægu eitri í. Allskonar fugla í heilu liki skal hafa fyrir agn, og sé eitrið látið innan í skrokkinn og hann saumaður saman, svo heill sýnist. Gott er að strá fuglaeggjum á víðavangi, sem eitur er látið í, og eins að bera þau inn í grenin fyrir hvolpa. Í viðlögum má og bera út belgi fylta með eitri, innýfli úr hrossum eða öðrum dýrum, og sé ullin látin vera kyr á belgnum. Eitrið skal jafnaðarlega vera smátt saxaðar refakökur, og er gott að blanda þar við öðru sterkara eitri, sem fæst í lyfjabúðum. Geta skal þess í melrakkabókinni, hvað unnið er á ári hverju að eitrun fyrir melrakka og hvern árangur það hefir.

## 63. gr.

Þar sem heimalönd eða afréttir tveggja eða fleiri hreppa liggja saman, skulu melrakkastjórar þessara hreppa eiga fund með sér að minsta kosti einu sinni á ári til að ræða um og koma sér niður á, hve mikinn útburð fyrir melrakka skal viðhafa það ár, hvernig útburðinum skal haga og hvað víða niðursetja, og sömuleiðis um hverjar aðrar veiðibrellur, sem hugsanlegar þykja, eða fundið kann að verða upp á til að eyða melrökkum. Sýni melrakkaveiðastjóri eða einhver annar, sem trúað er fyrir melrakkaveiðinni, óhlýðni eða hirðuleysi í þeirri grein, varðar það sektum eftir málavöxtum.

## 64. gr.

Á hverju hausti skal hreppsnefndin semja reikning yfir allan þann kostnað, sem er áfallinn það ár fyrir grenjavinningar og aðrar melrakkaveiðar í hreppnum, einnig til verðlauna fyrir þær, og það, sem gengið hefir í kostnað við eitrun og útburð. Skal rita reikning þennan í melrakkabókina eins og alt annað, sem hreppsnefndin og melrakkastjóri gjöra og ráðstafa í þessu máli. Allan kostnað, sem leiðir af melrakkaveiðinni, skal greiða úr sveitarsjóði hvers hrepps.

## 65. gr.

Þar sem ekki eru til löggiltar melrakkabækur, skal hreppsnefndin tafarlaust útvega melrakkabók og fá hana staðfesta af oddvita sýslunefndarinnar. Er hver hreppsnefnd skyld til að gefa honum endurrit af melrakkabókinni, þegar hann krefst þess.

## XIV. kafli.

*Almenn ákvæði.***79**  
14. júní

66. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum frá 1—100 krónum eftir mála-  
vöxtum, og renna þær í sveitarsjóð þess hrepps, þar sem brotið er framið.

67. gr.

Mál, sem rísa útaf brotum gegn reglugjörð þessari, skal fara með sem al-  
menn lögreglumál.

68. gr.

Með reglugjörð þessari er numin úr gildi reglugjörð fyrir Eyjafjarðarsýslu  
um fjallaskil frá 19. júní 1897 og reglugjörð um breyting á henni frá 10. júlí  
1906.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu hefir samið og samþykkt  
samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, sbr. lög nr. 14, 22. marz 1890 og nr.  
36, 24. nóv. 1893, staðfestist hérmeð til að öðlast gildi 1. september 1910.

Í stjórnarráði Íslands, 14. júní 1910.

**Björn Jónsson.**

*Jón Hermannsson.*

# Reglur

**80**  
26. maí.

um umferð um brúna yfir Þjórsá.

1. gr.

Enginn má fara yfir brúna harðara en klyfjagang, hvort sem hann er riðandi  
eða fer með vagn, eða hann teymir eða rekur hesta eða nautgripi, einn eða fleiri.